- Samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta. Reynsla af notkun SQL og/eða SAS er kostur

Nánari upplýsingar veita **Jónas Hvannberg** mannauðsstjóri, netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is, sími 444 6376 og **Elma Rún Friðriksdóttir**, rekstrarstjóri áhættustýringar, netfang elma.fridriksdottir@arionbanki.is, sími 444 7176.

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar og sótt er um störf in á www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda, og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og hlutum við nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**



Sölumaður

Fyrirtæki á sviði innflutnings og sölu á vélum og tækjum óskar eftir að ráða öflugan sölumann til starfa. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00 alla virka daga nema á föstudögum frá kl. 08:00 til kl. 16:00.

» **Starfssvið**

- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Tilboðs og samningagerð
- Almenn afgreiðsla

» **Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði vélfræði, vélstjórnunar eða sambærilegt kostur eða reynsla af vélum og tækjum
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.



» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

HEGGUR
innréttingar



Óska eftir manni á tölvustýrðan yfirfræsara. Einnig vantar mann á verkstæði.

Umsóknir sendist á: heggur@heggur.is

Hjúkrunarfræðingar

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt. Reynsla af öldrunarhjúkrun er æskileg.

Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Á Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Hægt er að sækja um á heimasíðu sunnuhlíðar: sunnuhlid.is en nánari upplýsingar veitir **Dagmar Huld Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 894-4128.**



Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

You have been cleared for takeoff!

We are taking on additional international projects and seek motivated and skilled individuals on both domestic and foreign projects, for the following position:

SOFTWARE ENGINEER

Designing, implementing and deploying new software functions as well as improvements to current air traffic control systems.

Minimum qualifications include:

- ||| BSc or higher education in Computer Science or related technical field,
- ||| strong object oriented programming skills, ideally with C++, Java or C#,
- ||| +5 years work experience in software development,
- ||| ability to work in a collaborative, team oriented environment.

Preferred qualifications include:

- ||| experience with Linux,
- ||| excellent problem solving skills,
- ||| design and analysis experience,
- ||| software unit testing experience.
- ||| experience in service oriented architecture

Tern Systems provides of mission critical Air Traffic Management solutions for customers in Europe, Africa and Asia.

For further information contact, contact Tómas Davíð Þorsteinsson, Director of Administration of Tern Systems on 525-0500 or at tomas@tern.is. All applications and CVs shall be sent to jobs@tern.is. For more information see www.tern.is

Tern Systems



APOTEK
KITCHEN+BAR

VAKTSTJÓRI Í SAL

Apotekið leitar að metnaðarfullum og hressum vaktstjóra

Viðkomandi þarf að vera 24 ára eða eldri með mikla reynslu af veitingastjórnun. Menntun í framreiðslu er kostur en ekki skilyrði.

Í boði eru mjög góð laun fyrir réttan aðila og lífandi starfsumhverfi í skemmtilegum hópi.

Ef þú hefur áhuga endilega sendu ferilskrá á huld@apotekrestaurant.is fyrir 7. febrúar.

Allar nánari upplýsingar veitir Huld í síma 697 5739

APOTEK KITCHEN+BAR / Austurstræti 16 / apotek.is

Vilt þú starfa hjá alþjóðlegu þekkingarfyrirtæki?

STARF SÖLUSTJÓRA FYRIRTÆKJASVIÐS

Er þú drífandi og metnaðargjarn sölustjóri? Þá átt þú heima hjá okkur!

Við leitum að sölustjóra sem leiðir teymi viðskiptastjóra á fyrirtækjasviði Valitor sem sinnir innlendum söluaðilum.

Starfssvið

- // Skipulag og ábyrgð á sölumálum fyrirtækjasviðs
- // Dagleg stýring á sölu
- // Að viðhalda og efla tengsl við viðskiptavini
- // Árangursmælingar
- // Greining sölutækifæra

Menntunar- og hæfnikröfur

- // Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- // Reynsla af sölustjórnun
- // Söluhæfileikar og sannfæringarkraftur
- // Mikill þjónustuvilji og færni í myndun viðskiptatengsla
- // Árangursdrifni og vilji til framkvæmda

STARF DEILDARSTJÓRA VIÐSKIPTAÞJÓNUSTU

Ert þú einstaklingur með reynslu af þjónustustjórnun í alþjóðlegu umhverfi? Þá gætum við verið að leita að þér!

Við leitum að deildarstjóra á þjónustu- og rekstrarsviði með reynslu af stjórnun þjónustuteyma. Reynsla af alþjóðlegum vettvangi er einnig kostur.

Starfssvið

- // Uppbygging þjónustuteyma
- // Umsjón með framkvæmd þjónustusamninga
- // Að þróa mælikvarða, ferla og vinnubrögð
- // Tryggja fyrsta flokks þjónustu í samræmi við þjónustuloforð

Menntunar- og hæfnikröfur

- // Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- // Stjórnunarreynsla á sviði þjónustu
- // Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- // Framkvæmdavilji og metnaður
- // Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum
- // Gott vald á íslensku og ensku

STARF KERFISSTJÓRA Á VAKTIR

Ert þú tæknilega sinnaður einstaklingur með ríka þjónustulund? Þá kann að vera að þú sért nýi liðsmaðurinn okkar!

Við leitum að kerfisstjóra á vaktir í deild sem sinnir tækniþjónustu á þjónustu- og rekstrarsviði. Tækniþjónusta sinnir daglegum rekstri og vöktun á kerfum og búnaði Valitor ásamt þjónustu við innri og ytri viðskiptavini.

Starfssvið

- // Daglegur rekstur og vöktun upplýsingakerfa Valitor – unnið er á átta tíma vöktum allan sólarhringinn
- // Notendabjónusta við innri og ytri viðskiptavini

Menntunar- og hæfnikröfur

- // Tæknimenntun á borð við kerfisstjórn, kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærileg reynsla eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- // Jákvætt hugarfar og þjónustulund
- // Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- // Nákvæm og öguð vinnubrögð
- // Framkvæmdavilji og metnaður
- // Gott vald á íslensku og ensku



HAGVANGUR

Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir kristin@hagvangur.is, sími 520 4700.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2016.

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar: frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR



SÖLUMAÐUR MAZDA

Öflugur sölumaður óskast í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Mazda bíla.



Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2016



Pípulagningamenn óskast

Alhliða Pípulagnir sf óska eftir að ráða vana pípulagnamenn í vinnu. Nánari upplýsingar gefur Snorri í síma 5667001 á skrifstofutíma.

Áhugasamir geta líka sent tölvupóst með upplýsingum á netfangið pipulagnir@ahlida.is

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði er heitið.

ALHLIÐA PÍPULAGNIR SF

Háskólinn
á Akureyri

Forstöðumaður markaðs- og kynningarviðs

Háskólinn á Akureyri leitar að forstöðumanni fyrir markaðs- og kynningarvið í fullt starf. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega. Staðan heyrir undir framkvæmdastjóra háskólans og er starfsstöðin á Akureyri.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarviðs er ábyrgur fyrir öllum verkefnum sem falla undir viðkomandi svið. Verkefni sviðsins eru m.a. gerð markaðs- og kynningarstefnu, útfærsla og ábyrgð á kynningum, auglýsingaherferðum, hönnun og útliti á útgefnu efni, viðburðum, fréttamiðlun, vef- og samfélagsmiðlum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum fyrir háskólann.

Starfssvið:

- Gerð markaðs-, kynningar- og almannatengslaáætla
- Umsjón með auglýsingum og kynningarferni háskólans í samstarfi við fræðasvið
- Umsjón með birtingaráætlun og auglýsingaherferðum
- Skipulagning, framsetning og flutningur á kynningum
- Ferðalög innanlands vegna kynningarherferða
- Samskipti og miðlun upplýsinga til almennings, fjölmiðla o.fl.
- Viðburðastjórnun
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þekking á markaðs- og kynningarmálum
- Geta til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Frumkvæði og drifkraftur
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til
15. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á starfatorg.is og vef háskólans,

www.unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um laus störf.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sérhæfður ritari

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir ritara fyrir fag- og stoðskrifstofur ráðuneytisins. Um er að ræða áhuga-vert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð og lipurð í samskiptum.

Helstu verkefni

- Aðstoða skrifstofustjóra og sérfræðinga við afgreiðslu mála, úrvinnslu gagna, svörun fyrirspurna, aðstoða við ráðningar, styrkjamál, skipulagning fundu, aðstoða við tölvumál, uppsetningu bréfa og samninga o.fl.
- Öflun upplýsinga og samskipti við ýmsa aðila innan sem utan ráðuneytis
- Afleysingar eftir þörfum t.d. í móttöku ráðuneytisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvukunnátta er skilyrði
- Viðkomandi þarf að vera töluglögur og þjónustulundaður
- Metnaður og vilji til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er æskileg

Leitað er að duglegum og jákvæðum einstaklingi, sem hefur áhuga á að vinna að verkefnum innan stjórnsýslunnar og er tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni.

Upplýsingar um starfið veita Böðvar Héðinsson, skrifstofustjóri, bodvar.hedinsson@vel.is og Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri, anna.l.gunnarsdottir@vel.is eða í síma 545 8100. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á pósthafið postur@vel.is eigi síðar en **8. febrúar 2016**. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Velferðarráðuneytinu, 21. jan 2016.



TOYS"R"US in the Nordic Countries is a popular megastore chain selling high-quality children's toys. We are known for our broad range of products and competitive prices while focusing on excellent customer service. Altogether we have over 50 stores in five different countries. TOYS"R"US is a part of TOP-TOY A/S Group. You can read more about us at www.toysrus.is.

Our store in Reykjavik is now looking for an ASSISTANT STORE MANAGER

Working in close cooperation with the Store Manager, you will be in charge of the daily functions in the store.

Your responsibilities will include the following:

- Recruiting, motivating and guiding the new and existing employees
- Being involved in sales, customer service, stock and keeping up the appearance of the store
- Making sure the store is always at top condition and that the shelves are filled with relevant items, depending on the season
- Providing continuous feedback to employees by recognizing and rewarding successful performance and addressing performance-related problems
- Supervising all pricing and signing activities throughout the store
- Total store maintenance, including interior, exterior, equipment and grounds
- Acting as a role model of appropriate loss prevention
- Supervision and follow-up with other departments in Store Manager's absence

You take on all tasks with enthusiasm and you are no stranger to physical work either. You have the will and energy to constantly develop in a rapidly growing organisation, which offers great career opportunities.

For further information on the position, please contact

Sigurður Þorgeir Jónasson sijon@toysrus.is, tel. 5500800. If you are interested in the job and ready to take on new challenges, send your application as soon as possible in English to: mke@top-toy.com The last day to apply is February 7th.

You are the person we are seeking, if you:

- Have some previous retail experience
- Possess natural leadership skills
- Know the meaning of good customer service and have the ability to inspire staff
- Are positive, confident and energetic by nature
- Have a sales oriented attitude that will guide other employees to great results
- Can express yourself in English

Our company culture is youthful, result oriented and down to earth. We offer a versatile job in the biggest toy retailer in the Nordic Countries, a competitive salary, result based bonus and many staff benefits. Our staff management is based on employee development in a positive atmosphere, the focus being on making children happy.

The employment is full time and will begin as soon as we find the right person



ERT ÞÚ ÁRANGURSDRIFINN EINSTAKLINGUR MEÐ MIKLA SAMSKIPTAHÆFNI OG ÁSTRÍÐU FYRIR MAT?



SÖLUFULLTRÚI VEFVERSLUNAR STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ

- Umsjón með vefverslun og vörumaster
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með samfélagsmiðlum og fréttabréfi
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra



MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi
- Háskólamenntun er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta og færni
- Þekking á InDesign og/eða Illustrator kostur
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði, áreiðanleiki og nákvæm vinnubrögð



Vinnutími er virka daga frá kl. 8:00 til 16:00. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í mars. Frekari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri Ekrunnar: Jón Ingi Einarsson í síma 824-8596.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Áhugasamir um starf skulu sækja um á vefsíðu okkar www.1912.is og greina frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast í starfi. Umsjón með ráðningu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir, mannaúdsstjóri. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.

Ekran er þjónustufyrirtæki og hluti af 1912. Fyrirtækið er með starfsemi bæði í Reykjavík og á Akureyri. Gildin sem starfsfólk hefur að leiðarljósi eru: **Frumkvæði - Liðsheid - Ástríða - Áreiðanleiki**

Við þjónum stóreldhúsum með dagleg aðföng með því að bjóða heildarlausn þar sem breytt vöruúrval, hagkvæm verð, traust afgreiðsla, sérþekking og persónuleg þjónusta er í fyrirrúmi. Starf okkar miðar að því að stuðla að árangri viðskiptavina með því að einfalda aðfangakeðju þeirra.



Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

Vörubílstjórar

Urð og Grjót ehf óskar eftir að ráða vana bílstjóra. Skilyrði er að viðkomandi hafi meirapróf og treiler próf.

Nánari upplýsingar og umsóknir berist á netfangið urdoggrjot@urdoggrjot.is

Guðmundur Tyrfingsson ehf

VAKSTJÓRI ÓSKAST

Guðmundur Tyrfingsson ehf óskar eftir metnaðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund til starfa sem vaktstjóri fyrirtækisins á Selfossi.

Vakstjóri sinnir almennri þjónustu við viðskiptavinum, kemur að skipulagningu á akstri og mannafla, auk þess að sinna ýmsum verkefnum á skrifstofu fyrirtækisins. Vakstjóri sinnir einnig tilboðsgerð, símsvörun, upplýsingagjöf til viðskiptavina, umsjón með starfsmannamálum bifreiðadeildar o.fl.

Um framtíðarstarf er að ræða. Vinnutíminn er 8-17 virka daga, auk þess að vera með vaktina eina viku í senn.

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Rútupróf

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á helena@gtyrfingsson.is.


Starfsmaður á ferðaskrifstofu:

Leitum að starfsmanni til að starfa á ferðaskrifstofu okkar til að sjá um tilboðsgerð, ferðaskipulagningu, bókhald, reikningaskrif o.fl.

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Talnagleggni og nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af ferðaþjónustu er kostur
- Háskólamenntun er nýtist í starfi

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á helena@gtyrfingsson.is.



Verkefnisstjóri í umsýslu starfsleyfa heilbrigðisstétta

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða verkefnisstjóra í umsýslu starfsleyfa heilbrigðisstétta. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Helstu verkefni

- Móttaka og almenn afgreiðsla umsókna um starfsleyfi.
- Samskipti við erlenda aðila og stofnanir vegna starfsleyfisumsókna.
- Meðferð fyrirspurna og erinda vegna starfsleyfa, m.a. í gegnum rafræna gagnagrunna.
- Önnur verkefni að beiðni sviðsstjóra.

Kröfur um þekkingu og hæfni

- Háskólamenntun eða menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af vinnu í rafrænum gagnagrunnum og kerfum.
- Góð færni í íslensku og ensku er skilyrði. Þekking á dönsku, sænsku eða norsku er kostur.
- Almenn og góð tölvukunnátta.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur.

Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri og er enn fremur lipur í mannlegum samskiptum.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri eftirlits og frávika, en starfsmaðurinn mun vinna í nánu samstarfi við hóp sérfræðinga sem hefur umsjón með útgáfu starfsleyfa.

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfi sendist til Embættis landlæknis, merkt „Anna Björg Aradóttir, starfsumsókn“.

Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri eftirlits og frávika, netfang: annabara@landlaeknir.is.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is

Á FLJÚGANDI FERÐ

Við leitum að **kraftmiklum einstaklingum** með góða samskiptafærni til að bæta við sístækkandi starfsmannahóp okkar. Við bjóðum upp á skemmtileg og **krefjandi störf** hjá metnaðarfullu fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.

Spennandi sumarstörf í öryggisleit á Keflavíkurflugvelli

Við leitum að traustum einstaklingum sem hafa góða samskiptafærni, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Óskað er eftir starfsfólki í bæði hluta- og heilds dagsstörf. Um er að ræða vaktavinnu. Helstu verkefni eru vopna- og öryggisleit og eftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á flughlöðum á Keflavíkurflugvelli.

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar** og þurfa umsækjendur að geta hafið störf í apríl og í maí.

Hæfniskröfur

- Aldurstakmark 20 ár
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu, bæði rituðu og mæltu máli
- Rétt litaskynjun
- Lágmark tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt nám
- Þjónustulund

Allir umsækjendur þurfa að geta sótt undirbúningsnámskeið í átta virka daga áður en þeir hefja störf.

Spennandi störf hjá Isavia í Reykjavík

Innheimtufulltrúi

Helstu verkefni eru innheimta krafna, reikningagerð, bókanir, afstemmingar og önnur verkefni innan fjárreiðudeildar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af innheimtu eða sambærilegum störfum er skilyrði
- Reynsla af bókhaldsstörfum og góð bókhaldskunnátta er nauðsynleg
- Mjög góð Excel kunnátta
- Kunnátta í Navision bókhaldskerfi er kostur
- Hæfni í að skilja og lesa samninga vegna reikningagerðar

Upplýsingar um starfið veitir Ingi J. Erlingsson, deildarstjóri fjárreiðudeildar, ingi.erlingsson@isavia.is

Unix/Linux kerfisstjóri

Um er að ræða starf kerfisstjóra ATM kerfa við flugumferðarmiðstöðina í Reykjavík. Starfsmaðurinn verður hluti af öflugri teymi sem þróar og rekur hugbúnað fyrir flugumferðarstjórnun. Helstu verkefni eru rekstur og eftirlit með Unix/Linux kerfum, netkerfum og geymslulausnum, uppsetning og viðhald tölvubúnaðar auk vandamálagreininga og þjónustu við notendur.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af Unix/Linux stýrikerfi
- Þekking á PHP, bash og Python er kostur
- Þekking á sjálfvirkum verkfærum s.s. Chef og Puppet er æskileg
- Reynsla af rekstri netkerfa og geymslulausna

Upplýsingar um starfið veitir Arnar Þórarinnsson, rekstrarstjóri ATM deildar, arnar.thorarinsson@isavia.is

Sérfræðingur hjá upplýsingaþjónustu flugmála

Starfsmaðurinn verður hluti af öflugri teymi sem hefur umsjón með upplýsingaþjónustu flugmála ásamt hönnun flugferla og kortagerð. Helstu verkefni eru umsjón með dreifingu NOTAM skeyta, samskipti vegna flugmálagagna auk þjálfunar og ráðgjafar í tengslum við upplýsingaþjónustu flugmála.


Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta
- Flugtengd menntun eða reynsla æskileg
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Reglusemi og snyrtimennska

Upplýsingar um starfið veitir Haraldur Ólafsson, deildarstjóri ATS flugvalla, AIS og MET, haraldur.olafsson@isavia.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2016

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á www.isavia.is/atvinna



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 1.100 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



Yfirmaður knattspyrnumála!

Ertu leiðtogi með skapandi hugsun og mikla þjónustulund? Hefurðu ástríðu fyrir knattspyrnu? Ertu með þjálfaramenntun og reynslu af barna- og unglingsstarfi? Hefurðu áhuga á að vera yfirþjálfari hjá metnaðarfullu íþróttafélagi í hjarta Reykjavíkur? Geturðu eitthvað í fótbolta?



Sæktu um starfið hérna:
www.trottur.is

HEGGUR

innréttingar



Óska eftir manni á tölvustýrðan yfirfræsara.
Einnig vantar mann á verkstæði.

Umsóknir sendist á: heggur@heggur.is

SOUS CHEF

Tapasbarinn sækist eftir öflugum Sous Chef

Við leitum að metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð.

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir álagi og það er kostur að hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Í boði er vinna í skemmtilegum hópi og líflegu umhverfi með miklum möguleika á að vaxa í starfi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7350

Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilskrá á bjarki@tapas.is fyrir 31. janúar 2016.



Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



Svæðisstjórar heilsugæslustöðva

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf svæðisstjóra þriggja heilsugæslustöðva.

Um er að ræða starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Garðabæ, Árbæ og Mosfellsumdæmis. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhlíða starfi fagstjóra hjúkrunar eða fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikil og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2016.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá auknið sjálfstæði til að móta starfseminu og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

Hæfnikröfur:

- Heimilislæknir eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Aðrir eiginleikar:

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar:

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. maí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585-1300, eða í gegnum tölvupóst svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir, ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, skulu berast Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins rafrænt. Umsóknum fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, til Svövu K. Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).



SAGAEVENTS LEITAR AÐ SKEMMTILEGUM, SKAPANDI OG DRÍFANDI VERKEFNASTJÓRA

Auk þess þarf viðkomandi að vera skipulagður, yfirvegaður, lausnamiðaður og röskur. Hann þarf að hreyfa sig hratt og hugsu hradar. Meðal verkefna er hugmyndavinna fyrir viðburði, hönnun og uppsetning þeirra, skipulag ferða fyrir erlenda viðskiptavinum, bókanir, samskipti við birgja og allt hvaðeina sem verkefnum fylgir. Þarf að geta byrjað sem fyrst.

HÆFNISKRÖFUR

- ~ Menntun og/eða reynsla í viðburðastjórnun og/eða ferðaskipulagi er skilyrði
- ~ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- ~ Skipulagshæfni
- ~ Frumkvæði
- ~ Hæfni í mannlegum samskiptum
- ~ Góð enskukunnátta, önnur tungumál eru kostur
- ~ Góð tölvukunnátta

Sagaevents framleiðir viðburði af öllum stærðum og gerðum, fyrir innlenda og erlenda viðskiptavinum.

Umsóknir berist á netfangið sagaevents@sagaevents.is fyrir 1. febrúar 2016 eða til Sagaevents Laugavegi 176, 105 Rvk.

canopy™ REYKJAVÍK CITY CENTRE



Hefur þú brennandi áhuga á þjónustustörfum?

Við leitum að öflugum starfsfólki til starfa á nýju og spennandi hóteli

VIÐ LEITUM AÐ:

- Yfirþernu
- Yfirbarþjóni
- Vaktstjórum á veitingastað

Umsóknarfrestur fyrir ofangreind störf er til og með 1. febrúar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. maí, 2016.

VIÐ ERUM EINNIG Á HÖTTUNUM EFTIR:

- Starfsfólki í gestamóttöku
- Herbergisþernum
- Þjónustufólki í veitingasal, kaffihúsi
- Starfsfólki í eldhúsi
- Framreiðslufólki
- Barþjónum
- Kaffibarþjónum
- Matreiðslumönnum
- Matreiðslunemum
- Starfsfólki í uppvask

Sjá nánar á heimasíðu Icelandair hótela

Upplýsingar um hæfniskröfur og starfssvið má finna á vefsíðu Icelandair hótela ásamt því að sækja um rafrænt, www.icelandairhotels.is.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ VEITA:

Jóel Salómon Hjálmarsson, veitingastjóri: joelh@icehotels.is

Ólöf Guðmundsdóttir, hóteltjóri: olofg@icehotels.is

Jóhannes Steinn Jóhannesson, yfirmatreiðslumaður: johannesj@icehotels.is

Icelandair hótél eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótél undir fjórum ólíkum vörumerkjum; Icelandair Hotels, Eddu hótelin, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 700 manns.

Canopy Reykjavík | City Centre er nýtt hótél innan Icelandair Hotels fjölskyldunnar sem verður staðsett á Hljómalindarreitnum í miðbæ Reykjavíkur. Canopy er nýtt hótelvörumerki í eigu Hilton International og er þetta allra fyrsta hótelið í öllum heiminum sem keðjan opnar!

Canopy Reykjavík | City Centre er nýtt og ferskt lífstílsvörumerki fyrir þá sem vilja aukin gæði í gistingu og veitingum, en jafnframt að upplifa sérkenni hvers áfangastaðar á hótelinu.

Á hótelinu verða 112 herbergi að meðöldum svítum. Hótelið verður í samæmi við hugmyndafræði Canopy þar sem mikil áhersla er lögð á fallega hönnun og af-slappað og þægilegt umhverfi. Í bakgarði verður veitingarekstur sem mun njóta sín vel á sólríkum dögum. Einnig verður bar og veitingastaður ásamt sérstakri matsölu þar sem nálgast má fjölbreytt úrval ferskra smárétta úr sérvöldu íslensku hráefni.



REYKJAVÍK | CITY CENTRE



Sérfræðingur í gæðamálum (e. Quality Assurance Auditor)

Í boði er fjölbreytt og lifandi starf þar sem fólk með ríka samskiptahæfni fær að njóta sín. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og vönduð framkoma
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Háskólamenntun skilyrði
- Reynsla af hóteltörfum kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

Starfssvið

- Ábyrgð á innleiðingu gæða- og vörumerkjastaðla Canopy Reykjavík
- Gæðaúttektir á hótelum félagsins og stuðningsheimsóknir
- Aðkoma að þjálfun á vegum Hótelklassans
- Þróun og uppfærsla gæðahandbókar
- Þróun og innleiðing gæðaúttektarkerfis
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar veita:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs, erlaosk@icehotels.is

Hafdís Ólafsdóttir, gæðastjóri, hafdiso@icehotels.is

Sótt er um rafrænt á heimasíðu félagsins, www.icelandairhotels.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar.

Icelandair hótél eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótél undir fjórum ólíkum vörumerkjum; Icelandair Hotels, Eddu hótelin, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 700 manns.

Hjá Icelandair hótélum starfar úrvals hópur með sameiginleg markmið þar sem borin er virðing fyrir gestum og samstarfsmönnum.

Icelandair hótelin leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

Nýir starfsmenn fá vandaða kynningu á fyrirtækinu og fara í gegnum markvissa þjálfun til þess að geta tekist á við störf sín af öryggi. Unnið er að stöðugri framþróun og starfsmönnum veitt tækifæri til vaxtar og þroska í starfi.

Icelandair Hotels

www.icelandairhotels.com

Barnaspítali Hringins



HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á bráðamóttöku barna 20D á Barnaspítala Hringins. Boðið er upp á góða starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingi.

Barnaspítali Hringins hefur forystu í heilbrigðisþjónustu við börn og unglina á Íslandi. Þar er veitt fjölbreytileg heilbrigðisþjónusta sem krefst mikillar sérhæfingar. Bráðamóttaka barna er tilvísunarmóttaka, þar sem hlutverk hjúkrunar er að taka á móti veikum börnum og unglungum að 18 ára aldri, greina vandamál þeirra og veita fyrstu meðferð. Stefna okkar er að vera í fararbroddi í þjónustu, kennslu og vísindum.

Hjúkrunarfræðingur Helstu verkefni og ábyrgð

- Starf á bráðamóttöku barna er mjög fjölbreytt og er m.a. fólgið í móttöku, mati á ástandi, fyrstu meðferð bráðveikra og eftirliti með skjólstaðingum í allt að sólarhring.

Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður í starfi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 60 - 100%.
Um er að ræða tímabundnar afleysingastöður.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ingileif Sigfúsdóttir, deildarstjóri (ingilsig@landspitali.is, 543 3705/534 3730).

Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar 2016**.

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Skurðstofur



HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

Starf hjúkrunardeildarstjóra á skurðstofum í Fossvogi er laust til umsóknar. Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri aðgerðasviðs.

Á deildinni er 7 skurðstofur þar sem framkvæmdar eru bæklunaraðgerðir, æðaaðgerðir, heila- og taugaaðgerðir, lýtaaðgerðir og háls- nef- og eyrnaaðgerðir. Opnunartími deildarinnar er frá 07:30-15:30 en utan þess eru bakvaktir sem tryggja eiga að hægt sé að halda opnum tveimur skurðstofum allan sólarhringinn, árið um kring.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun hjúkrunar á deildinni
- Stuðla að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður
- Ábyrgð á gæða- og öryggismálum deildarinnar
- Markvisst umbótastarf og þróun verkferla með gæði og skilvirkni að leiðarljósi
- Ábyrgð á ráðningu, móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna sem endur- og símenntun starfsmanna deildarinnar
- Tryggja að rekstur deildarinnar sé í samræmi við fjárhagsáætlun
- Ábyrgð á umfangsmiklum vörulager deildarinnar

Hæfnikröfur

- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Reynsla í stjórnun er æskileg
- Jákvætt viðmót og afburða hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Framhaldsnám í skurðhjúkrun er skilyrði
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2016 eða síðar eftir samkomulagi, til 5 ára, í samræmi við stefnu Landspítala.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi (torgjal@landspitali.is, 825 5136) og Alma Dagbjört Möller, framkvæmdastjóri (almam@landspitali.is, 824 5824).

Umsóknarfrestur er til og með **16. febrúar 2016**.

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- Textílkennari
- Leik- eða grunnskólakennari við leikskóladeild

Hofsstaðaskóli

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Leikskólinn Akkrar

- Leikskólakennari eða annar uppeldismenntaður starfsmaður

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Skiltagerð

ERT ÞÚ VANUR SKILTAGERÐAMAÐUR!

Vegna aukinna verkefna óskar Ferró eftir vönum skiltagerðamanni með reynslu. Um er að ræða spennandi og ógrandi framtíðarstarf.

Starfssvið:

Vinna við prentverk.
Áliming á skilti, bíla o.fl.
Samskipti við viðskiptavinum.

Hæfniskröfur:

Kunnátta á tölvur og prentara kostur!
Lipur í mannlegum samskiptum.
Duglegur, stundvís og eiga gott með að vinna með öðrum.

Ferró er framsækið og ört vaxandi skiltagerðafyrirtæki með nýjustu prentvélar og tæki til merkinga.



FERRÓ
SKILTAGERÐ

Langholtiavegi 130 • Sími 581 4400
www.ferroehf.is • ferro@ferroehf.is

Góð laun í boði fyrir vanann skiltagerðamann með reynslu!

Geislafræðingar

Óskum eftir að ráða geislafræðing til starfa á Röntgendeild Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Starfshlutfall er 60-80 % eða eftir nánara samkomulagi. Vinnuferðir út á land, eftir samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur skulu hafa fullgild réttindi sem geislafræðingur. Auk fagþekkingar er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta og samvinnu og reynsla af röntgenmyndum brjóstá er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri í síma 540 1956 eða tölvupósti siggath@krabb.is

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Röntgendeildar Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík merkt „Geislafræðingur“ eða á netfangið siggath@krabb.is fyrir **8. febrúar 2016**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Krabbameinsfélagið

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins annast skipulega leit að krabbameini í legghálsi og brjóstum.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is





ÖLDRUNARHJÚKRUN Á NÝRRI ENDURHÆFINGARDEILD

Hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og starfsmenn við aðhlynningu

Skemmtilegt starf með virkri þátttöku starfsmanna í mótun nýrrar starfsemi á Landakoti

Ný 7 daga endurhæfingardeild á Landakoti verður opnuð 1. mars 2016. Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og starfsmönnum við aðhlynningu sem vilja taka þátt í hvetjandi verkefni til eins árs þar sem stefnan er að útskrifa skjólstæðinga heim innan mánaðar. Kjörið tækifæri til að kynnst gefandi og einstaklingshæfðri hjúkrun sjúklinga sem þurfa mikla og flókna umönnun.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Landspítala; www.landspitali.is/mannaudur

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

• EIGNAumsjón



Fjármálastjóri hjá Eignaumsjón

Eignaumsjón er framsækið þjónustufyrirtæki sem byggir á hugbúnaðarlausnum og þjónar eigendum fasteigna. Félagið annast umsjón húsfélaga og rekstur fasteigna, sem og rekstrarfélaga um fasteignir auk leiguumsjónar, sjá nánar www.eignaumsjon.is. Félagið er ört vaxandi og sinnir í dag umsjón um átta þúsund eigna. Félagið er nýflutt í glæsilegt húsnæði að Suðurlandsbraut 30 og starfar þar við mjög góðar aðstæður.

Fjármálastjóri er ábyrgur fyrir fjármálum og áhættustýringu félagsins, hann hefur yfirmun með allri starfsemi og starfsmönnum á sviði innheimtu, gjaldkera, uppgjörs og fjármála ásamt fjármálaumsýslu viðskiptavina þess. Hann starfar náið með framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum félagsins að því markmiði að samhæfa alla fjárhags- og rekstrarlega starfsemi Eignaumsjónar.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða reksturs auk marktækrar reynslu af sambærilegum störfum. Góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð er skilyrði auk góðrar tölvuþekkingar og þekkingar á helstu bókhaldskerfum. Umsækjendur þurfa að hafa góða íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum aðila með góða samskipta- og stjórnunarhæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir frekari upplýsingar um starfið, en símavíðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is.

ST RÁ

www.stra.is

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gunny@stra.is - www.stra.is

Skilunardeild



HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á skilunardeild við Hringbraut. Deildin er opin frá 8-20, virka daga og 8-16 um helgar. Boðið er upp á 3 mánaða aðlögun, þar af 8 vikna skipulagða fræðslu með reyndum hjúkrunarfræðingi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Starfið felst í hjúkrun einstaklinga með langvarandi eða bráða nýrnabilun sem ýmist eru í blóðskilun eða kviðskilun. Einnig sinna hjúkrunarfræðingar deildarinnar blóðvökvaskiptum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða hjúkrun.

Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall 80 – 100% og er starfið laust frá 15. febrúar 2016 eða eftir samkomulagi. Unnið er á tvískiptum vöktum, frá 8-16 eða 12-20. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sinni bakvöktum eftir að þjálfun lýkur.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“.

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bætta húsakost.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Margrét Ásgeirsdóttir, deildarstjóri (margas@landspitali.is, 543 6340) og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is, 824 5480).

